

**Ed.**

**305. Frumvarp til laga**

[183. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi 1970—71.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 60 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem Bæjarsjóður Vestmannaeyja mun taka til kaupa á nýrri neðansjávarleiðslu frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Gert er ráð fyrir því, að Bæjarsjóður Vestmannaeyja muni taka lán að upphæð 670 000.00 Bandaríkjadóllarar hjá Scandinavian Bank Limited, London. Lánið er afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en greiðist síðan á næstu þremur árum þar á eftir. Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs er skilyrði fyrir því að lánið fáist.

Rétt er að undirstrika í þessu sambandi, að lagt er til, að umrædd ríkisábyrgð verði veitt vegna hins stórfellda kostnaðar, sem framkvæmd þessari er samfara í hlutfalli við stærð þess bæjarfélags, sem stendur að henni. Veitingu umræddrar ríkisábyrgðar má því eigi skoða sem neitt fordæmi um veitingu ríkisábyrgðar vegna vatnsveituframkvæmda annarra sveitarfélaga.

Núverandi vatnsleiðsla frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja getur flutt 1800 tonn af vatni á sólarhring. Talið er, að vatnsskortur verði í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð 1972, nema ný leiðsla verði lögð fyrir þann tíma. Gert er ráð fyrir því, að nýja vatnsleiðslan muni geta flutt 5200 tonn af vatni á sólarhring, og að hún muni fullnægja vatnsþörfinni í Vestmannaeyjum næstu 20—30 ár.